

Fundargerð 148. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 11. nóvember 2019, kl. 9.30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Steinunn Sigvaldadóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri sat fundinn.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Níu mánaða uppgjör.*

Fjármálastjóri fór yfir níu mánaða uppgjör. Stjórn þakkaði yfirferðina.

3. *Samfélagsleg ábyrgð á Suðurnesjum.*

Stjórnarformaður fór yfir mál er varðar samstarfsverkefni um Suðurnesjavettvang. Umræður. Ákveðið að taka þátt í fyrsta áfanga verkefnisins en taldi stjórn ekki tímabært að félagið taki þátt í frekari vinnu vegna verkefnisins að svo stöddu. Þátttakendum verkefnisins er óskað velfarnaðar í þessari mikilvægu vinnu.

4. *Patterson - Minjastofnun.*

Verkefnastjóri fór yfir hreinsunarmál á Patterson og fund með Minjastofnun.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

5. *Patterson – húsakönnun & reikningur.*

Verkefnastjóri fór yfir málið. Stjórn þakkaði upplýsingarnar og samþykkti reikning vegna húsakönnunnar á Patterson.

6. *Verkefni Kadeco.*

Stjórnarformaður fór yfir verkefni Kadeco sem félagið er skuldbundið til að sinna í framtíðinni samkvæmt þjónustusamningi þess við fjármálaráðuneytið. Verkefni þessi eru allt frá umhverfismála og lóðarleigu til skjalavörslu. Umræður.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

7. *Þróun á Ásbrú.*

Verkefnastjóri fór yfir stöðu varðandi rammaskipulag og hugmyndir að þróun umhverfisins á Ásbrú svo sem gerð almenningsgarðs og leiksvæðis. Stjórn tók jákvætt í erindið en vill tryggja sameiginlega sýn Kadeco og Reykjanesbæjar um uppbyggingu á Ásbrú áður en stjórn skuldbindur sig í slíkt verkefni.

8. Önnur mál.

a. Gerð slóða á Smiðjutröð.

Verkefnastjóri kynnti minnisblað vegna gerð slóða á Smiðjutröð vegna mælinga og vöktunar á svæðinu. Stjórn samþykkti gerð slóða samkvæmt framlögðu minnisblaði.

b. C svæði Kadeco og lóðarleiga.

Verkefnastjóri og fjármálastjóri upplýstu stjórn um lóðarleigu á C svæði Kadeco. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

c. Fyrirspurn frá Landsvirkjun – til upplýsinga.

Verkefnastjóri upplýsti stjórn um fyrirspurn frá Landsvirkjun. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

Engin önnur mál voru borin upp undir þessu lið.

Næsti fundur stjórnar verður í desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.

Aslak E. Kristjánsson
Stjórnun Svæðis